

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um innflutning á skepnum til 108
Bretlands hins mikla. — Út af fyrirsögn þeirri, er hjer með fylgir frá sendiherra Breta- 26. maí.
drotningar, þeim er hjer situr, um það hvort Danastjórn geti, það er til Íslands kemur,
gefið tryggingu þá, sem heimtuð er í „*schedule*“ við „*Contagious Diseases (Animals)*
Act of 1874“ sem skilyrði fyrir því, að þau hlunnindi, sem getið er í 101. gr. tjeðra
laga, verði veitt þeim, er flytja skepnur til Bretlands hins mikla frá öðrum löndum, rit-
aði ráðgjafinn utanríkisráðgjafanum 22. marz þ. á., eins og sjá má af brjefinu,
sem einnig fylgir hjer með, og gat þess, að sakir skorts á prófuðum dýralæknum yrði
eigi unnt á Íslandi að grannskoða svo hverja skepnu, sem boðið er með augl. 26. febr.
1876 að gjöra í Danmörku; en jafnframt var þess getið, að ef hið brezka *Privy Coun-
cil* (stjórnarráð) eptir því, sem á stendur, vildi láta sjer nægja sem fulla tryggingu vott-
orð hlutadeigandi lögreglustjóra um heilbrigði útluttra skepna af Íslandi, þá væri stjórn-
in fús á að leggja fyrir þessa embættismenn, sem eptir tilsk. 5. jan. 1866 eiga að hafa
gætur á heilbrigði sauðfjárins, að láta slíkt vottorð fylgja skipi hverju, sem flytur skepn-
ur út til Englands, og að banna allan útlutning skepna, þá er heilsufar gripanna er eigi
fyllilega viðunanlegt.

Því næst hefir ráðgjafinn frá utanríkisráðgjafanum fengið auglýsing þá, sem hjer
fylgir eptirrit af og hið brezka *Privy Council* hefir gefið út 28. apr. þ. á., en eptir
henni skal með dýr, sem eru flutt frá Íslandi til Englands, Wales og Skotlands, farið eptir
29. kapitula í „*The Animals Order*“ (um útlendar skepnur, er eigi er skylt að slátra
eða leggja í sóttgæzlu).

Það, sem að framan er skráð tjái jeg yður þjónustusamlega, herra landshöfðingi
til þóknanlegrar leiðbeiningar fyrst um sinn og svo að þjer birtíð það í B-deild stjórn-
artíðindanna, en læt þó eigi hjálíða að geta þess jafnframt, að ráðgjafinn enn enga vitn-
eskju hefir um það, hvort hluteigandi stjórnarvald á Bretlandi heimtar að þeirra varúðarreglna
sje gætt, sem ráðgjafinn hefir framboðið í nýnefndu brjefi 22. marz, þá er skepnur verða
fluttar út frá Íslandi, og mun ráðgjafinn gefa yður nánari vísbending um það efni, þá
er hann hefir fengið skeyti um það frá Bretastjórn².

1) o: Viðlagaákvörðun við [ensku] lögín frá 1878 um næm veikindi fjenadar.

2) Í brjefi því frá Íslandsráðgjafa til utanríkisráðgjafans, dags. 22. marz 1882, sem til er vitnað hjer
að ofan, segir meðal annars svo:

„Í Parlaments-akti þeim, er hjer um ræðir, er það gjört að skilyrði fyrir því, að einhverju
landi sje fvilnun veitt um skepnur, sem þaðan eru til Bretlands fluttar, að fyrir hinu brezka
Privy Council liggi fullnægjandi skýrslur um lagasetning þess lands um innflutning húsdýra,
lagasetning þess að fyrirbyggja innflutning eða útbreiðslu sjúkdóma og skýrsla um hið almenna
heilbrigðisástand húsdýranna í landinu. Að því er til Íslands kemur, þá stendur þar svo á, sem
nú skal greina.

Það er innflutning húsdýra snertir til Íslands, þá komu 17. þ. m. út lög um bann gegn inn-
flutningi á útlendu kvikfje, og eru nokkur eintök af þeim látin fylgja brjefi þessu; í þeim er
slikur innflutningur alveg bannaður, þó svo, að landshöfðingi með ráði dýralæknis getur veitt
undanþágu frá banninu og bindur hana þá þeim tryggjandi varúðar-skilyrðum, er nauðsynleg eru.

Að því er innflutningsjúkdóma til Íslands snertir, þá verður að álíta tjeð lög nægilega tryggjandi
eptir því, sem á stendur þar í landi með innflutning skepna. Gegn útbreiðslu sjúkdóma meðal
húsdýranna eru varúðarákvarðanir gjörðar í tilsk. 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjár-
veikindi, og tilsk. 4. marz 1871, sem lýtur að hinu sama. Eru og nokkur eintök af þessum til-
skipunum látin fylgja brjefi þessu. Hin einu húsdýr, auk sauðfjárins, sem út eru flutt af Íslandi,
eru hestar, en heilbrigðisástand þeirra hefir aldrei gefið tilefni til neins eptirlits, og eru því eng-
in lög sett, er til þeirra ná.